

Mál nr. 161/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Bifreið var ekið ofan í holu á vegi og felga og dekk eyðilögðust þ. 29.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 30.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M ók ofan í holu á yfirborði vegarins rétt vestan við hringtorgið Suðurlandsvegur/Breiðholtsbraut, með þeim afleiðingum að felga og dekk eyðilögðust. Samkvæmt dagbók lögreglunnar var A tilkynnt um holu á sama stað strax eftir umferðaróhapp sem varð kl. 15.52 og var sú tilkynning skráð hjá A kl. 15.55. Umferðaróhapp M var skráð í dagbók lögreglu kl. 16.28. Þá var aftur hringt í A til að tilkynna um hættu af umræddri holu og fengust þau svör að sendur hefði verið maður á staðinn til að gera við en sá hefði þurft að ná í meira viðgerðarefni á leiðinni á staðinn. M krefst bóta úr hendi A á grundvelli 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 og telur að A hafi ekki brugðist við með eðlilegum hætti í framhaldi af því að A fékk tilkynningu um holuna m.a. með því að setja upp viðvaranir þangað til viðgerð færi fram. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að tjónið verði rakið til gáleysis eða vanrækslu A eða starfsmanna A.

Álit.

Atvik málsins liggja nokkuð ljós fyrir. A var tilkynnt um holu vestan við hringtorgið Suðurlandsvegur/Breiðholtsbraut við Rauðavatn kl. 15.52-15.55 og M verður fyrir tjóni þegar hún ók ofan í holuna kl. 16.28, þ.e. rúmum hálf tíma síðar. Þegar M varð fyrir tjóninu hafði A brugðist við til að láta gera við holuna með því að senda mann á staðinn. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi brugðist við tilkynningu um holuna þegar hún barst, en sökum stutts tíma hafi ekki tekist að gera við hana áður en M lenti í tjóninu. Verður að telja að frá því að tilkynnt er um aðstæður sem þessar verði að gefa A eitthvað ráðrúm til að senda fólk á staðinn til að gera viðeigandi ráðstafanir og verður sá tími sem hér leið, frá fyrstu tilkynningu um aðstæður þar til tjón M varð, talinn það stuttur að hann leiðir ekki sjálfkrafa til sakar starfsfólks A eða annarra A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.